

Fjárlaganefnd Alþingis

Efni: Ósk um fjárframlag vegna starfsstöðvar Persónuverndar á Húsavík

Beiðni

Beiðni þessi er sett fram af Persónuvernd og Sýslumanninum á Norðurlandi eystra á grundvelli áframhaldandi samstarfs stofnananna.

Til grundvallar beiðninni liggja sjónarmið um skynsamlega ráðstöfun opinberra fjármuna, eftirsóknarvert samstarf ríkisaðila, ákjósanlega framkvæmd opinberra verkefna, fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni og hámarksnýtingu innviða hins opinbera.

Óskað er fjárveitingar að fjárhæð 35,0 millj.kr. vegna ársins 2024 (laun, launatengd gjöld, þjálfun tveggja starfsmanna, húsnæði o.fl.)

Lýsing

Fyrir liggur að ný persónuverndarlög sem tóku gildi í júlí 2018 hafa leitt af sér mikið, viðvarandi og verulega aukið álag á starfsemi Persónuverndar. Hvorki hefur náðst að sinna nægilega vel innkomnum erindum né uppsöfnuðum málahala vegna undirmönnunar, sem fylgt hefur rekstri stofnunarinnar allt frá árinu 2012. Þessi staða hefur einnig leitt til þess að Persónuvernd hefur ekki getað sinnt nægilega lögboðinni frumkvæðisskyldu sinni til eftirlits. Á tímum mikilla tækniframfara á heimsvísu, oft á kostnað persónuverndar einstaklinga, verður að telja þessa stöðu mjög alvarlega.

Áhrif

1. Húsavík:

Áhrif áframhaldandi samstarfs á Húsavík eru veruleg. Fjöldi starfa á svæðinu sem krefjast háskólamenntunar er afar líttill þegar ekki er horft til kennara og hjúkrunarfræðinga.

Eitt þriggja meginmarkmiða Alþingis við sameiningu sýslumannsembættanna árið 2015 var „efling stjórnsýslu sýslumannsembættanna og gera þau betur í stakk búin til að taka að sér aukin verkefni.“ Þetta verkefni er afar skýrt dæmi um tækifæri til að standa við þessi áform, en starfsfólki sýslumannsembættisins hefur fækkað frá sameiningu. Á Húsavík um 20% frá árinu 2015.

2. Persónuvernd:

Áframhaldandi starfsstöð Persónuverndar á Húsavík mun hafa þau áhrif að hægt verður að sinna fleiri málum hjá stofnuninni, stytta afgreiðslutíma, bæta ánægju viðskiptavina með þjónustu/gæði og standa þannig betur vörð um réttindi einstaklinga. Þetta mun einnig gera Persónuvernd kleift að sinna betur ráðgjöf og leiðbeiningum til opinberra aðila, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Starfsstöðin á Húsavík hefur reynst vel. Hún hefur farið fram vegna stuðnings frá fjárlaganefnd Alþingis frá árinu 2020. Mikilvægt er að hún fái fjárvatning í gegnum fjárlög fyrir árið 2024. Enn mikilvægara er að hún verði fest í sessi sem fastur liður á fjárlögum Alþingis.

Reykjavík og Húsavík, 5. desember 2023.

Helga Þórisdóttir og Svavar Pálsson